

FUNDARGERÐ HAFNARSTJÓRNAR

Ár 2010, miðvikudaginn 18. ágúst kl. 20:00 kom hafnarstjórn saman til fundar á skrifstofu bæjarstjóra í Ráðhúsinu.

Fundinn sátu: Baldur Smári Einarsson, Bergur B. Karlsson, Guðrún V. Benediktsdóttir, Heiðar Hermannsson, yfirhafnarvörður og Elías Jónatansson, hafnarstjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Samgönguáætlun 2011 – 2014.

Hafnarstjóra falið að sækja um framlög í samgönguáætlun 2011 – 2014 í eftirfarandi verkefni:

1. Öldudempanði fláa næst Brimbrjót.
2. Brimvarnargarð við Brimbrjót, endurbyggingu 300 metra.
3. Endurbyggingu stálþils við Brimbrjót, fremri hluta 78m, lagnir og þekja.
4. Grundargarð, endurbætur á 300 metra kafla.
5. Endurbætur á Lækjarbyggju.
6. Lenging á flotbyggjum 24 m.
7. Tengingu hafnarsvæðisins.

2. Önnur mál.

1. Boðun á Hafnasambandsþing í Stykkishólmi dagana 23. og 24. september 2010.

Bolungarvíkurhöfn hefur rétt á tveimur fulltrúum. Hafnarstjóra falið að skrá þátttakendur innan tilskilins frestar.

2. Malbikun á hafnarsvæði.

Hafnarstjórn lýsir ánægju sinni með hvernig til hefur tekist með framkvæmdir við samtengingu hafnarsvæðisins og malbikun á hafnarsvæðinu. Þátttaka fyrirtækja í nágrenni hafnarinnar í umhverfisátaki er til fyrirmyndar.

Kostnaður Bolungarvíkurhafnar vegna malbikunarframkvæmda er 10,4 m.kr.

Fundi slitið kl. 22:00.

Baldur Smári Einarsson
Bergur B. Karlsson
Guðrún V. Benediktsdóttir
Heiðar Hermannsson
Elías Jónatansson